



Reykjavík, 8. júní 2026
SFS26020037

Borgarráð

Breytingar á reglum um leikskólaþjónustu

Óskað er eftir að gerðar verði eftirfarandi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu:

Núgildandi **1.-4. mgr. e-liðar í ákvæði til bráðabirgða** er svohljóðandi:

Ákvæði 6. b um tekjutengda afslætti kveður á um að frá 1. apríl 2026 verði veittur afsláttur af námsgjaldi leikskóla til foreldra undir ákveðnum tekjuviðmiðum gegn umsókn og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um tekjutengda afslætti. Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda. Til bráðabirgða er skóla- og frístundasviði heimilt að útfæra umsóknir um afslátt til samræmis við samþykkt borgarstjórnar frá 17. febrúar sl. og veita hann eða synja þrátt fyrir að umræddar reglur liggja ekki fyrir. Reglurnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2026.

Lagt er til að **1.-4. mgr. e-liðar í ákvæði til bráðabirgða** verði svohljóðandi:

Ákvæði 6. b um tekjutengda afslætti kveður á um að frá 1. apríl 2026 verði veittur afsláttur af námsgjaldi leikskóla til foreldra undir ákveðnum tekjuviðmiðum gegn umsókn og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um tekjutengda afslætti. Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda. Til bráðabirgða er skóla- og frístundasviði heimilt að útfæra umsóknir um afslátt til samræmis við samþykkt borgarstjórnar frá 17. febrúar sl. og veita hann eða synja þrátt fyrir að umræddar reglur liggja ekki fyrir. Reglurnar skulu liggja fyrir eigi síðar en *1. nóvember 2026*.

Greinargerð

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 17. febrúar 2026 tillögur stýrihóps sem snúa að umbótum í náms- og starfsumhverfi leikskóla, sjá dagskrárlíð 2 í [fundargerð borgarstjórnar](#). Með vísan til samþykktra tillagna voru gerðar breytingar á reglum um leikskólaþjónustu á fundi borgarráðs þann 5. mars 2026, sjá dagskrárlíð 2 í [fundargerð borgarráðs](#).

Í samþykktum breytingum á reglum um leikskólaþjónustu kemur fram í ákvæði til bráðabirgða að veita tekjutengdan afslátt á grundvelli samþykktar borgarstjórnar án þess að sérstakar reglur um tekjutengdan afslátt lægju fyrir. Var þá ákveðið að ákvæði til bráðabirgða væru með gildistíma til og með 1. júlí 2026.

Það er fyrirséð að tæknileg útfærsla á framangreindu er flókin og verður ekki tilbúin fyrir 1. júlí 2026 og er því lagt hér til að framlengja gildistíma til og með 1. nóvember 2026. Reglur um tekjutengdan afslátt taka mið af þeirri tæknilegu útfærslu sem valin verður og því þykir rétt að fresta útgáfu þeirra á sama tíma og miða við sömu dagsetningu.



Virðingarfyllst

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Reglur um leikskólaþjónustu með merktum breytingum
Núgildandi reglur um leikskólaþjónustu



Reglur um leikskólalþjónustu

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérлага eftir því sem við á.

1. Innritun – opnunartími

1.a Umsókn og innritun

Í Reykjavík eru leikskólar sem eru reknir af Reykjavíkurborg og jafnframt eru þar leikskólar sem reknir eru af sjálfstætt starfandi leikskólum á grundvelli rekstrarleyfis og samnings um greiðslu framlags frá Reykjavíkurborg vegna barna með lögheimili í Reykjavík. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og [eftir hverfum](#).

Umsókn um alla leikskóla í Reykjavík, hvort sem um er að ræða leikskóla sem reknir er af Reykjavíkurborg eða sjálfstætt starfandi leikskólum, fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu – umsokn.vala.is. [Reykjavíkurborg nýtir framangreint kerfi til utanumhalds](#). Reykjavíkurborg og sjálfstætt starfandi leikskólar sem sótt er um fá allir aðgang að umsókn og upplýsingum sem þar koma fram. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum miðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Sækja má um alla leikskóla í Reykjavík frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn birtast á biðlista við 6 mánaða aldur og raðast þau á biðlista á þá leikskóla sem sótt er um eftir fæðingardegi og ári, elsta barnið fyrst.

Foreldrar þurfa að sækja um að lágmarki tvo leikskóla en geta sótt um að hámarki sjö fyrir barn sitt þegar um nýja umsókn er að ræða. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur, er foreldrum heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla.¹

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

¹ Vegna staðsetningar leikskólans Bergs, er gerð undantekning hvað þetta varðar.

Miðað er við að foreldrar barna sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fá boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir og í ungbarnaleikskólum er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 virka daga á meðan unnið er úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla eins og þær standa á aðalinnritunardegi. Ekki er unnt að gera breytingar á umsóknum á þessu tímabili. Sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu á þá leikskóla sem sótt er um, þau elstu fyrst og á það við jafnt um almennar deildir, ungbarnadeildir og ungbarnaleikskóla. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarnadeildir ekki frammar eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Þá starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 3ja ára miðað við aldur barns þann 1. september ár hvert. Börn geta byrjað í þessum leikskólum allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau fari í annan leikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef foreldrar fá ekki úthlutað plássi fyrir barn sitt áður en það nær 24 mánaða aldri færast umsókn í annan leikskóla sem foreldrar hafa valið. Börn innritast í ungbarnaleikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmiðið 12 – 24 mánaða miðað við aldur barns þann 1. september ár hvert. Í upphafi þess árs sem börn í ungbarnaleikskólum verða þriggja ára er foreldrum þeirra skylt að sækja um flutning í aðra leikskóla fyrir komandi skólaár og fá foreldrar bréf með áminningu þess efnis. Flutningsumsóknir vegna þessara barna eru afgreiddar í almennri innritun leikskóla sem fer fram árlega á vorönn. Ef flutningur í annan leikskóla fyrir eldri börn nær ekki fram að ganga er boðin áframhaldandi dvöl á meðan beðið er eftir plássi.

Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólapláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt, þrátt fyrir meginreglu 8. mgr. í grein 1a. um að kennitöluröð ráði innritun á leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Reykjavík. Ef nýta á þessa heimild ber leikskólastjóra að sækja um leyfi til innritunar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Það sama gildir um sjálfstætt rekna leikskóla sem þó þurfa ekki að sækja um leyfi til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Barn sem á systkin í umsóknarleikskóla nýtur systkinatillits vegna systkinis með sömu lögheimilistengsl í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem því barni sem er fyrir framan það á biðlista býðst rými í einum af þeim leikskólum sem foreldrar hafa valið. Þetta á við um vistunarumsóknir og flutningsumsóknir. Þetta leiðir til þess að reglan um systkinatillit gildir að uppfylltum skilyrðum þegar barn sem á systkini í umsóknarleikskóla er númer tvö á biðlista og komið er að næsta barni á undan í röðinni.

Skilyrði systkinatillits eru þessi:

- a) Systkinatillit kemur til greina þegar eitt laust pláss er eftir í leikskóla eldra systkinis.
- b) Eldra barnið/systkinið eigi eftir að minnsta kosti sex mánuði af leikskólagöngu sinni eða sé ekki að flytja í annan leikskóla þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum.
- c) Foreldrar hafi valið leikskóla eldra systkinis fyrir yngra barnið í fyrsta vali.
- d) Eldra systkinið sé nú þegar með virka vistun í leikskólanum sem um ræðir.
- e) Yngra barnið sé á innritunardri hverju sinni.
- f) Búið sé að bjóða eldra barni á biðlistanum pláss í einhverjum af þeim leikskólum sem foreldrar hafa valið.

Til að auka möguleika á sameiningu systkina í leikskóla er að uppfylltum framangreindum skilyrðum heimilt í aðalinnritun sem fram fer að vori vegna boðs um leikskóla að hausti, sjá 7. mgr. í gr. 1.a í reglunum, að bjóða foreldrum barns sem á systkini á umsóknarleikskóla pláss á grundvelli systkinasameiningar, ef það er allt að númer fjögur á biðlista, ef unnt er að bjóða börnunum þremur sem fyrir ofan það eru á biðlista pláss í leikskóla sem foreldrar hafa valið.

Framangreind ákvæði um systkinatillit og systkinasameiningu gilda jafnframt fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30. Ekki er hægt að skrá börn í dvöl seinna en kl. 09:00 að morgni. Dvalartími barna getur verið mismunandi eftir dögum, frá fjórum til að hámarki níu klukkustundum daglega en þó að lágmarki 20 tímar og að hámarki 42,5 klukkustundir innan vikunnar frá mánudegi til föstudags. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem falla innan dvalartíma þeirra. Leikskólinn er gjaldfrjálss ef dvalarstundir eru 36 klukkustundir eða færri á viku en greitt er fæðisgjald, sjá nánar í 6. gr. reglnanna.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Leikskólar eru lokaðir einn dag í vetrarleyfi í febrúar, einn af sömu dögum og vetrarleyfi grunnskóla samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar, [skóladagatalið má sjá hér](#). Ákvörðun um hvaða dag er að ræða er tekin af skóla- og frístundasviði og birtist í starfsáætlun leikskólans. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólar eru lokaðir einn dag í vetrarleyfi í febrúar, einn af sömu dögum og vetrarleyfi grunnskóla samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar, [skóladagatalið má sjá hér](#). Ákvörðun um hvaða dag er að ræða er tekin af skóla- og frístundasviði og birtist í starfsáætlun leikskólans. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Á neðangreindum dögum er vistun valkvæð og því þarf að skrá börn sérstaklega í leikskólann og greiða aukalega samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Gjöld vegna skráningardaga bætast við í viðkomandi mánuði. Skráning fer fram á tímabilinu 10. til 20. september vegna haustannar og 10. til 20. janúar vegna vorannar. Ef foreldri skráir ekki vistun barns innan auglýsts frests er litið svo á að það sé í fríi á umræddu tímabili. Unnt er að skrá barn í vistun staka daga eða alla dagana. Tilkynnt verður sérstaklega um þessa daga áður en opnað er fyrir skráningu á dagana. Þeir dagar sem um ræðir eru:

- Allir virkir dagar milli jóla og nýárs
- Allir virkir dagar í dymbilviku (síðustu vikuna fyrir páska)
- Fjóra daga í vetrarleyfum grunnskóla, þrjú dagar á haustönn og einn að vori (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar). [Skóladagatalið má sjá hér](#)

Skráning fer fram á umsokn.vala.is og er á ábyrgð foreldra.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Ef leikskólinn sem barnið er í er opinn allt sumarið er unnt að óska eftir að skipta upp sumarleyfinu í tvo hluta. Skilyrði er að annað tímabilið sé að lágmarki fimm virkir dagar og að bæði tímabilin séu innan sumarleyfistímabils, sem er frá 15. maí til 15. september. Beiðni um að skipta upp sumarleyfi barns skal senda til viðkomandi leikskólastjóra.

1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Í Reykjavík eru [sjálfstætt starfandi leikskólar](#) og eru þeir með samning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna vistunar reykvískra barna. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is. Samningar skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi leikskóla fela í sér að skóla- og frístundasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Reglur Reykjavíkurborgar um leikskólalþjónustu gilda um sjálfstætt starfandi leikskóla ef það er sérstaklega tekið fram í reglum um leikskólalþjónustu og samningum við þá.

Umsókn um sjálfstætt starfandi leikskóla fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu, umsokn.vala.is, sem skóla- og frístundasvið leggur til, með sama hætti og umsókn um leikskóla Reykjavíkurborgar.

Sjálfstætt starfandi leikskólar nota innritunarkerfi skóla- og frístundasviðs Völu leikskóla varðandi umsóknir, innritun og umsýslu biðlista, breytingar á dvalarsamningum og umsóknir um afslætti og fleiri atriði sem Vala heldur utan um og varða samskipti sjálfstætt starfandi leikskóla og skóla- og frístundasviðs.

Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun til samræmis við reglur um leikskólalþjónustu og samninga við þá.

Reykjavíkurborg og sjálfstætt starfandi leikskólar sem sótt er um fá allir aðgang að umsókn og upplýsingum sem þar koma fram. Með þessu móti fær Reykjavíkurborg meðal annars upplýsingar um hvort foreldrum hafi verið boðið pláss og hvort þau hafa þegið plásið.

Upplýsingar um sjálfstætt starfandi leikskóla og framlög til þeirra má sjá á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#).

Skóla- og frístundasvið gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykvískra barna. Framlag skóla- og frístundasviðs vegna vistunar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi

sveitarfélaga, sjá nánar www.samband.is, enda uppfylli barn skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: innritun.leikskolar@reykjavik.is

Ekki er greitt framlag með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur en heimilt er að greiða sömu niðurgreiðslu og greidd er til dagforeldra sé öllum skilyrðum reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum fullnægt. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: innritun.leikskolar@reykjavik.is

Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrir en að uppsagnarfresti liðnum.

Nánari upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólajalda.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrir en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvallar í leikskólum borgarinnar og til framlags skóla- og frístundasviðs .

Hafi leikskóla verið úthlutað án þess að lögheimili barnsins hafi verið flutt til Reykjavíkur verður lögheimilið að vera komið til Reykjavíkur eigi síðar en 7 dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast. Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássíð ef skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Öll framangreind skilyrði eiga einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík og framlag skóla- og frístundasviðs til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvallar barna með lögheimili í Reykjavík.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef barn er á biðlista eftir leikskóla og ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan

sex til tólf mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið sfs@reykjavik.is. Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám, barnavernd vegna barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili í Reykjavík, fjölskyldur þingmanna og fjölskyldur erlendra sendiráða sem eru erlendir ríkisborgarar geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið sfs@reykjavik.is og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólk í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta ekki fengið leikskóla fyrir börn sín í leikskólum Reykjavíkurborgar

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjá mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar [gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar](#).

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 80/2018, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið sfs@reykjavik.is.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram skráningarskírteini frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

3. Flutningur milli leikskóla

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann á umsokn.vala.is. Þetta á einnig við um sjálfstætt starfandi leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst sbr. þó 8. mgr. í gr.1.a.

4. Forgangur að leikskóla

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Til þess að sækja um forgang í leikskóla skrá foreldrar sig inn á [Mínar síður](#) á heimasíðu Reykjavíkurborgar með rafrænum skilríkjum. Þar er að finna umsókn um forgang í leikskóla. Það sama gildir fyrir sjálfstætt rekna leikskóla. Ekki er hægt að fá forgang vegna flutningsumsókna milli leikskóla.

Umsókn um forgang að leikskóla fellur niður þegar barn hefur hafið dvöl í leikskóla eða þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram hafi barn ekki hafið dvöl innan þess tíma. Sé óskað eftir áframhaldandi forgangi skal sækja um hann að nýju. Skóla- og frístundasvið metur hvort endurnýja þarf vottorð sem fylgdi fyrri umsókn.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst á umsóknarleikskóla. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

I. Barna sem eru orðin 5 ára.

II. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- e) Þríburar.

Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Forgangur fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar gildir aðeins á

fyrstu umsókn um leikskólavist vegna barnsins, ekki þegar sótt er um flutning í annan leikskóla. Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar og vera að lágmarki í 50% starfshlutfalli. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn. Umsókn skal senda á netfangið innritun.leikskolar@reykjavik.is.

Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri í leikskóla Reykjavíkurborgar.

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Starfsmenn leikskóla í launalausum leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna getur sótt um forgang fyrir barn sitt.

V. Barna starfsfólks í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík

Sjálfstætt starfandi leikskólum er heimilt að veita starfsfólki sínu forgang að viðkomandi leikskóla að því gefnu að fullnægt sé skilyrðum 2.gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar.

5. Úthlutun leikskólaplássna, dvalarsamningur og uppsögn

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássnafer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið. Sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli, hvort sem um er að ræða leikskóla Reykjavíkurborgar eða sjálfstætt starfandi leikskóla og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal fara fram í gegnum umsokn.vala.is. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

6. Gjaldtaka

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld. Foreldrar greiða

hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum. Ekkert námsgjald er greitt ef barn er skráð í 36 klukkustundir eða færri á viku í leikskólann.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og afslátta á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 5. mgr. í gr. 2.a. Komi til þess að lögheimili barns verði flutt til Reykjavíkur á meðan leikskóladvöl stendur yfir breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili flyst til Reykjavíkur til samræmis við almenna gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar vegna umsaminnar tímabundinnar dvalar á leikskólanum.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Reykjavík til útlanda gildir framangreind gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, frá þeim tíma er lögheimili flyst.

Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

6.a Um afslætti af leikskólagjöldum

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn á leikskóla. Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við dagsetningu umsóknar í Völu og þann dag sem öllum skilyrðum er fullnægt ef svo er ekki á umsóknardegi. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Uppfylli foreldrar skilyrði þess að fá afslátt af leikskólagjöldum á grundvelli fleiri en einni ástæðu er veittur sá afsláttur sem leiðir til mestrar lækkunar gjalda. Afslættir leggjast því ekki saman.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna ef veittur er afsláttur á grundvelli þessara reglna.

6.b Tekjutengdur afsláttur

Veittur er afsláttur af námsgjaldi leikskóla til foreldra undir ákveðnum tekjuviðmiðum gegn umsókn og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um tekjutengda

afslætti.² Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.c Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 100 % afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í Þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir barn sitt. Ef þrjú systkini eða fleiri sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í Þjóðskrá eru í vistun í leikskólum borgarinnar, skóla- og frístundasvið greiðir framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla, systkini eru í grunnskóla borgarinnar, greitt er framlag vegna þeirra til sjálfstætt rekis grunnskóla á grundvelli samnings þar um, eða eru í frístundaheimili Reykjavíkurborgar eða sértækri félagsmiðstöð borgarinnar greiða foreldrar fæðisgjald fyrir tvö börn. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngstu barnanna en afsláttur er veittur af gjaldi eldra barns/barna.

Ef veittur er afsláttur af skráningardögum samkvæmt gr. 1.b í reglunum, kemur það fram í gjaldskrá Reykjavíkurborgar.

Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri umsókn. Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á www.reykjavik.is.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna hjá dagforeldrum má sjá á www.reykjavik.is.

6.d Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Afslátt af námsgjaldi fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt í gegnum umsokn.vala.is.
- Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá afslátt fyrir barn í heilsdagsvistun
- Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá afslátt fyrir barn í hálf dagsvistun
- Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

² Sjá ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að skóla- og frístundasviði sé heimilt að útfæra umsókn um afslátt til samræmis við samþykkt borgarstjórnar og veita hann eða synja þrátt fyrir að umræddar reglur liggja ekki fyrir. Reglurnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2026.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalausum leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um að afslátt að nýju.

Starfsmanni ber einnig að tilkynna leikskólastjóra í leikskóla barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að áhrif hafi á afslátt af leikskólagjöldum.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leikskólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum fá framlag til lækkunar leikskólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sækir um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leikskóla Reykjavíkur í leikskólum Reykjavíkurborgar. Afsláttur gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði en greiðist gegn framvísun reikninga vegna leikskólagjalda eða staðfestingu frá sveitarfélagi, þar sem fram koma upplýsingar um vistunartíma og dvalartímabil. Starfsmaður skal skila gögnum að lágmarki einu sinni á ári. **Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Hafi starfsmaður fengið afslátt af leikskólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leikskólagjalda afturvirkur.

6.e Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skóla- og frístundasvið um að barnið hafi hafið leikskólavöl að nýju. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leikskólagjöld afturvirkur komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leikskólagöngu að nýju.

6.f Unnt er að sækja um niðurfellingu fæðisgjalds sé barn í sumarleyfi lengur en 4 vikur samfleytt utan sumarleyfistíma að hámarki vegna tveggja mánaða samfleytt. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að leyfi lauk.

7. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111 og óska

eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Ef leikskólanum er ekki lokað eða er lokaður skemur en tuttugu virka daga, falla leikskólagjöld niður þann tíma sem leikskólinn er lokaður og einnig þegar barnið tekur sumarleyfi, þó aldrei meira en tuttugu virka daga samtals en öll börn skulu taka tuttugu virka daga í sumarleyfi. Sé leikskóla lokað í lengri tíma eru ekki innheimt leikskólagjöld fyrir þann tíma er lokun varir.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

8.a Innheimtuferill vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtuleglum Reykjavíkurborgar.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

8.b Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs leiðbeinir foreldrum um að leita úrlausna á miðstöðvum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólalátt í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

9. Lagareglur og kæruleiðir

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs um gjaldtöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innviðaráðuneytis skóla- og frístundasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

10. Fræðsla um vinnslu persónuupplýsinga

Hér má nálgast [fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga](#) skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem á sér stað í leikskólum borgarinnar.

11. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2009.

Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009

Ákvæði til bráðabirgða³

- a) Vegna yfirstandandi breytinga á gjaldskrá gilda á tímabilinu 1. til 15. mars 2026 beiðnir um breytingar á dvalartíma frá 1. apríl 2026. Á tímabilinu 16. til 31. mars 2026 gilda beiðnir um breytingar á dvalartíma frá 15. apríl 2026. Á tímabilinu 1. til 15. apríl 2026 gilda beiðnir um breytingar á dvalartíma frá 1. maí 2026. Frá 1. maí 2026 gilda beiðnir um breytingar til samræmis við reglur um leikskólaþjónustu.
- b) Foreldrar barna sem samkvæmt dvalarsamningi hefja vistun eftir kl. 09:00 er veittur frestur til og með 31. júlí 2026 til að breyta skráningu sem tekur þá gildi 1. september 2026 í síðasta lagi. Berist ekki beiðni um breytingu verður dvalartíma breytt með þeim hætti að vistun hefjist kl. 09:00 frá og með 1. september 2026.
- c) Ekki eru gerðir nýir dvalarsamningar né breyting á gildandi dvalarsamningur með þeim hætti að vistun geti hafist eftir kl. 09:00.
- d) Í stað þess að leikskólagjöld verði innheimt fyrirfram vegna apríl 2026 til samræmis við 8. gr. reglna um leikskólaþjónustu getur komið til þess að þau verða innheimt síðar í aprílmánuði með eindaga einum mánuði síðar.
- e) Ákvæði 6. b um tekjutengda afslætti kveður á um að frá 1. apríl 2026 verði veittur afsláttur af námsgjaldi leikskóla til foreldra undir ákveðnum tekjuviðmiðum gegn umsókn og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um

³ Samþykkt á fundi borgarráðs þann 5. mars 2026.

tekjutengda afslætti. Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda. Til bráðabirgða er skóla- og frístundasviði heimilt að útfæra umsóknir um afslátt til samræmis við samþykkt borgarstjórnar frá 17. febrúar sl. og veita hann eða synja þrátt fyrir að umræddar reglur liggja ekki fyrir. Reglurnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 2026.

Eftirfarandi mun gilda frá 1. apríl 2026:

Tekjuviðmið einstaklinga og sambúðarfólks munu miðast við heildartekjur á ári á grundvelli skattframtals frá Ríkisskattstjóra.

Tekjuviðmið einstæðra foreldra

Afslættir og tekjuviðmið fyrir einstæða foreldra miðast við heildartekjur á ári. Allir einstæðir foreldrar geta sótt um afslátt sem fer eftir ákveðnum viðmiðum um tekjur.

Afsláttur af námsgjaldi fyrir einstæða foreldra er frá 40% til 75%.

- Lægsta tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 8 milljónum krónum á ári og veitir 75% afslátt af námsgjöldum.
- Næstlægsta tekjuviðmið miðar við árstekjur á bilinu 8 – 13 milljónir krónur á ári og veitir 50% afslátt af námsgjöldum.
- Hæsta tekjuviðmiðið gildir fyrir einstæða foreldra með tekjur yfir 13 milljónir krónur á ári sem veitir 40% afslátt af námsgjöldum.

Tekjuviðmið hjóna og sambúðarfólks

Afslættir og tekjuviðmið fyrir hjón og sambúðarfólk miða við tekjur undir 18 milljónir krónur á ári og afslættir á bilinu 20 til 40% af námsgjaldi.

- Lægra tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 11 milljónum krónum á ári og veitir 40% afslátt af námsgjöldum
- Hærra tekjuviðmið miðar við árstekjur frá 11 – 18 milljónum krónur og veitir 20% afslátt af námsgjaldi.

Framangreint felur í sér að afla verður samþykkis umsækjanda til aflað verði skattaupplýsinga til staðfestingar á að tekjur séu innan viðmiða. Ef umsækjandi er í hjúskap eða skráðri sambúð er skilyrði að báðir aðilar veiti samþykki áður en gagnaöflun fer fram.

Umsókn um afslátt þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar til þess að taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum á eftir.

Breytingar:

2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.
6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.
6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afslættir einstæðra af leikskólajöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi foreldri ekki skilað umsókn til leikskólalastjóra.
- Grein 4. liður III tekur gildi 1. apríl 2010 og gildir fyrir öll börn starfsmanna sem þegar hafa fengið forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn sem þegar hafa fengið forgang þurfa ekki að sækja um að forgang að nýju.

Grein 6.f tekur gildi 1. apríl 2010. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allir afslættir starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar nema um þá hafi verið sótt að nýju á þar til gerðu eyðublaði.

4. gr. liður I um forgang 4-5 ára barna tekur gildi 17. mars 2010.

6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.

6.d. 1. mgr. um að veittur sé 75% afsláttur vegna annars barns tekur gildi 1. janúar 2011.

6.gr. e um afslátt fyrir börn í elsta árgangi fellur brott 1. september 2011.

4. gr. IV um brottfall starfsmannaforgangs tekur gildi 1. apríl 2011.

5. og 6. mgr. í 2.gr., 2. og 5. mgr. í gr. 2.a taka gildi 1. febrúar 2011, 3 mgr. í gr. 2.a tekur gildi 1. apríl 2011.

2. mgr. í 4. gr., 4. gr. III b), 9. og 10. mgr. 6. gr., 2. mgr. í gr. 6.a, 3. og 4. mgr. í gr. 6.b taka gildi 1. febrúar 2011.

2. og 3. mgr. 8. gr. falla brott og ný 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tekur gildi 1. júní 2011.

2. mgr. gr. 1.b um að starfsdögum verði fjölgað úr fimm í sex tekur gildi 1. júní 2012. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 21. mars 2012 og í borgarráði 29. mars 2012.

Tilvísunum til leikskólasviðs breytt í skóla- og frístundasvið frá 1. mars 2013.

3. og 4. mgr. gr. 1. b breytt með þeim hætti að skylt er að börn fái tuttugu virka daga í sumarleyfi og að leikskóli loki samfellt í tíu virka daga í stað tveggja vikna, til tuttugu virkra daga í stað fjögurra vikna áður, tekur gildi 1. mars 2013.

2. mgr., gr. 1.c varðandi greiðslur skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.

Í 1. mgr. 2. gr. er gert að skilyrði fyrir leikskóladvöl að foreldrar barns séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Áður máttu vanskil ekki vera við leikskólasvið. Tekur gildi 1. mars 2013.

Í 1.mgr. gr. 2.a er áréttað að leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, tekur gildi 1. september 2013.

Í 2. mgr. gr. 2.a er áréttað að barn verður að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi til að heimilt sé að hafa barn áfram í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir flutning lögheimilis frá Reykjavík ef ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til 12 mánaða en áður var viðmiðið sex mánuðir. Tekur gildi 1. mars 2013.

Í 3. mgr. gr. 2.a er bætt við málsgrein um að barnavernd geti sótt um leikskólaláss fyrir barn með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fösturheimili í Reykjavík gegn því að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði áður en leikskóladvöl hefst. Tekur gildi 1. mars 2013.

4. gr. IV varðandi forgang starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

4. og 5. mgr. 6. gr. varðandi gjaldskrá barna með erlent lögheimili sem flutt er til Íslands eða barna með lögheimili á Íslandi sem flutt er erlendis tekur gildi 1. mars 2013.

3. mgr. 6.gr. a varðandi námsmannaafslátt í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.

Gr. 6.c um afslátt á grundvelli endurhæfingarlífeyrisskírteinis tekur gildi 1. mars 2013.

Í gr. 6. d er áréttað að veittur er afsláttur fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/ýngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini. Tekur gildi 1. mars 2013.

5. mgr. og 6. mgr. 6.gr. e varðandi afslátt til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. febrúar 2013 og í borgarráði 21. febrúar 2013.

5. mgr. í gr. 6.b varðandi afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 10. apríl 2013 og í borgarráði 18. apríl 2013.

6. til 11. mgr. í gr. 2.a varðandi leikskóla fyrir börn sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.

8. mgr. 6. gr. áréttung um sama lögheimili og fjölskyldunúmer tekur gildi 12. janúar 2015

Gr. 6.e varðandi afslátt starfsmanna í launalausuleyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Gr. 4 IV. varðandi forgang starfsmanna leikskóla í launalausuleyfi á grunvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 5. nóvember og í borgarráði 8. janúar 2015.

1.mgr. gr. 1.b varðandi opnunartíma leikskóla úr 17:30 í 17:00 tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 25. febrúar 2015 og borgarráði 4. mars 2015.

Gr. 1a. varðandi systkinatillit tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 24. júní 2015 og borgarráði 2. júlí 2015.

Í 3. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýjum málslið sem verður 2. málsliður og í 6. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýrri málsgrein varðandi ungbarnaeildir. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 11. apríl 2018 og í borgarráði 26. apríl 2018.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018, og 17. janúar 2019.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. apríl 2019 og í borgarráði 2. maí 2019.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 8. júní 2021 og í borgarráði 24. júní 2021.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 28. september 2021, í borgarráði 7. október 2021 og í borgarstjórn þann 19. október 2021.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 20. mars 2023 og í borgarráði 30. mars 2023.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. september 2024 og í borgarráði 19. september 2024.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði dags. 27. janúar 2025 og í borgarráði dags. 30. janúar 2025.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði dags. 26. maí 2025, borgarráði dags. 18. júní 2025 og borgarstjórn, dags. 24. júní 2025.

Breytingar samþykktar í borgarráði þann 5. mars 2026.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.



Reglur um leikskólalþjónustu

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl í leikskólum borgarinnar. Þegar reglurnar gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla er það sérstaklega tekið fram. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Um hlutverk, samstarf og verkaskiptingu foreldra og forsjáraðila í einstökum tilvikum gilda ákvæði barnalaga og annarra sérлага eftir því sem við á.

1. Innritun – opnunartími

1.a Umsókn og innritun

Í Reykjavík eru leikskólar sem eru reknir af Reykjavíkurborg og jafnframt eru þar leikskólar sem reknir eru af sjálfstætt starfandi leikskólum á grundvelli rekstrarleyfis og samnings um greiðslu framlags frá Reykjavíkurborg vegna barna með lögheimili í Reykjavík. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er að finna lista yfir alla leikskóla borgarinnar í stafrófsröð og [eftir hverfum](#).

Umsókn um alla leikskóla í Reykjavík, hvort sem um er að ræða leikskóla sem reknir er af Reykjavíkurborg eða sjálfstætt starfandi leikskólum, fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu – umsokn.vala.is. [Reykjavíkurborg nýtir framangreint kerfi til utanumhalds](#). Reykjavíkurborg og sjálfstætt starfandi leikskólar sem sótt er um fá allir aðgang að umsókn og upplýsingum sem þar koma fram. Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl á öllum miðstöðvum borgarinnar og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Sækja má um alla leikskóla í Reykjavík frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð. Börn birtast á biðlista við 6 mánaða aldur og raðast þau á biðlista á þá leikskóla sem sótt er um eftir fæðingardegi og ári, elsta barnið fyrst.

Foreldrar þurfa að sækja um að lágmarki tvo leikskóla en geta sótt um að hámarki sjö fyrir barn sitt þegar um nýja umsókn er að ræða. Þegar sótt er um flutning á milli leikskóla innan Reykjavíkur, er foreldrum heimilt að sækja um einn eða fleiri leikskóla.¹

Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

¹ Vegna staðsetningar leikskólans Bergs, er gerð undantekning hvað þetta varðar.

Miðað er við að foreldrar barna sem orðin eru 18 mánaða 1. september ár hvert fá boð um leikskóladvöl það sama haust. Í leikskólum þar sem starfræktar eru skilgreindar ungbarnadeildir og í ungbarnaleikskólum er heimilt að innrita yngri börn. Heimildin er háð viðmiðum skóla- og frístundasviðs á hverjum tíma og ræðst af því sem pláss og fjármagn leyfir.

Frá og með aðalinnritunardegi leikskóla að vori, sem auglýstur er á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er ekki unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 virka daga á meðan unnið er úr fyrirbyggjandi umsóknum um leikskóla eins og þær standa á aðalinnritunardegi. Ekki er unnt að gera breytingar á umsóknum á þessu tímabili. Sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla.

Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu á þá leikskóla sem sótt er um, þau elstu fyrst og á það við jafnt um almennar deildir, ungbarnadeildir og ungbarnaleikskóla. Þannig ganga börn sem innritast á ungbarnadeildir ekki frammar eldri börnum á almennum deildum sjá þó undantekningu í gr. 4 um forgang. Það sama gildir um sjálfstætt starfandi leikskóla nema samið sé sérstaklega um annað við skóla- og frístundasvið.

Á tilteknum leikskólum starfrækir Reykjavíkurborg sérstakar ungbarnadeildir. Börn, sem hefja dvöl á ungbarnadeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnadeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar.

Þá starfrækir Reykjavíkurborg ungbarnaleikskóla fyrir börn á aldrinum 12 mánaða til 3ja ára miðað við aldur barns þann 1. september ár hvert. Börn geta byrjað í þessum leikskólum allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau fari í annan leikskóla árið sem þau verða þriggja ára. Ef foreldrar fá ekki úthlutað plássi fyrir barn sitt áður en það nær 24 mánaða aldri færast umsókn í annan leikskóla sem foreldrar hafa valið. Börn innritast í ungbarnaleikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmiðið 12 – 24 mánaða miðað við aldur barns þann 1. september ár hvert. Í upphafi þess árs sem börn í ungbarnaleikskólum verða þriggja ára er foreldrum þeirra skylt að sækja um flutning í aðra leikskóla fyrir komandi skólaár og fá foreldrar bréf með áminningu þess efnis. Flutningsumsóknir vegna þessara barna eru afgreiddar í almennri innritun leikskóla sem fer fram árlega á vorönn. Ef flutningur í annan leikskóla fyrir eldri börn nær ekki fram að ganga er boðin áframhaldandi dvöl á meðan beðið er eftir plássi.

Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólapláss á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars er heimilt, þrátt fyrir meginreglu 8. mgr. í grein 1a. um að kennitöluröð ráði innritun á leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Reykjavík. Ef nýta á þessa heimild ber leikskólastjóra að sækja um leyfi til innritunar á skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Það sama gildir um sjálfstætt rekna leikskóla sem þó þurfa ekki að sækja um leyfi til skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Barn sem á systkin í umsóknarleikskóla nýtur systkinatillits vegna systkinis með sömu lögheimilistengsl í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem því barni sem er fyrir framan það á biðlista býðst rými í einum af þeim leikskólum sem foreldrar hafa valið. Þetta á við um vistunarumsóknir og flutningsumsóknir. Þetta leiðir til þess að reglan um systkinatillit gildir að uppfylltum skilyrðum þegar barn sem á systkini í umsóknarleikskóla er númer tvö á biðlista og komið er að næsta barni á undan í röðinni.

Skilyrði systkinatillits eru þessi:

- a) Systkinatillit kemur til greina þegar eitt laust pláss er eftir í leikskóla eldra systkinis.
- b) Eldra barnið/systkinið eigi eftir að minnsta kosti sex mánuði af leikskólagöngu sinni eða sé ekki að flytja í annan leikskóla þegar yngra barnið byrjar í leikskólanum.
- c) Foreldrar hafi valið leikskóla eldra systkinis fyrir yngra barnið í fyrsta vali.
- d) Eldra systkinið sé nú þegar með virka vistun í leikskólanum sem um ræðir.
- e) Yngra barnið sé á innritunardri hverju sinni.
- f) Búið sé að bjóða eldra barni á biðlistanum pláss í einhverjum af þeim leikskólum sem foreldrar hafa valið.

Til að auka möguleika á sameiningu systkina í leikskóla er að uppfylltum framangreindum skilyrðum heimilt í aðalinnritun sem fram fer að vori vegna boðs um leikskóla að hausti, sjá 7. mgr. í gr. 1.a í reglunum, að bjóða foreldrum barns sem á systkini á umsóknarleikskóla pláss á grundvelli systkinasameiningar, ef það er allt að númer fjögur á biðlista, ef unnt er að bjóða börnunum þremur sem fyrir ofan það eru á biðlista pláss í leikskóla sem foreldrar hafa valið.

Framangreind ákvæði um systkinatillit og systkinasameiningu gilda jafnframt fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi leikskóla

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:30 til 16:30. Ekki er hægt að skrá börn í dvöl seinna en kl. 09:00 að morgni. Dvalartími barna getur verið mismunandi eftir dögum, frá fjórum til að hámarki níu klukkustundum daglega en þó að lágmarki 20 tímar og að hámarki 42,5 klukkustundir innan vikunnar frá mánudegi til föstudags. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem falla innan dvalartíma þeirra. Leikskólinn er gjaldfrjálss ef dvalarstundir eru 36 klukkustundir eða færri á viku en greitt er fæðisgjald, sjá nánar í 6. gr. reglnanna.

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Leikskólar eru lokaðir einn dag í vetrarleyfi í febrúar, einn af sömu dögum og vetrarleyfi grunnskóla samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar, [skóladagatalið má sjá hér](#). Ákvörðun um hvaða dag er að ræða er tekin af skóla- og frístundasviði og birtist í starfsáætlun leikskólans. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Leikskólar eru lokaðir einn dag í vetrarleyfi í febrúar, einn af sömu dögum og vetrarleyfi grunnskóla samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar, [skóladagatalið má sjá hér](#). Ákvörðun um hvaða dag er að ræða er tekin af skóla- og frístundasviði og birtist í starfsáætlun leikskólans. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

Á neðangreindum dögum er vistun valkvæð og því þarf að skrá börn sérstaklega í leikskólann og greiða aukalega samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Gjöld vegna skráningardaga bætast við í viðkomandi mánuði. Skráning fer fram á tímabilinu 10. til 20. september vegna haustannar og 10. til 20. janúar vegna vorannar. Ef foreldri skráir ekki vistun barns innan auglýsts frests er litið svo á að það sé í fríi á umræddu tímabili. Unnt er að skrá barn í vistun staka daga eða alla dagana. Tilkynnt verður sérstaklega um þessa daga áður en opnað er fyrir skráningu á dagana. Þeir dagar sem um ræðir eru:

- Allir virkir dagar milli jóla og nýárs
- Allir virkir dagar í dymbilviku (síðustu vikuna fyrir páska)
- Fjóra daga í vetrarleyfum grunnskóla, þrjú dagar á haustönn og einn að vori (samkvæmt samþykktu skóladagatali vegna grunnskóla Reykjavíkurborgar). [Skóladagatalið má sjá hér](#)

Skráning fer fram á umsokn.vala.is og er á ábyrgð foreldra.

Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi.

Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla, hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu virka daga til tuttugu virka daga. Ef leikskólinn sem barnið er í er opinn allt sumarið er unnt að óska eftir að skipta upp sumarleyfinu í tvo hluta. Skilyrði er að annað tímabilið sé að lágmarki fimm virkir dagar og að bæði tímabilin séu innan sumarleyfistímabils, sem er frá 15. maí til 15. september. Beiðni um að skipta upp sumarleyfi barns skal senda til viðkomandi leikskólastjóra.

1.c Innritun í sjálfstætt starfandi leikskóla

Í Reykjavík eru [sjálfstætt starfandi leikskólar](#) og eru þeir með samning við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vegna vistunar reykvískra barna. Lista yfir sjálfstætt starfandi leikskóla er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is. Samningar skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt starfandi leikskóla fela í sér að skóla- og frístundasvið greiðir framlag til þeirra vegna barna sem uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Leikskólinn er skuldbundinn til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Reglur Reykjavíkurborgar um leikskólalþjónustu gilda um sjálfstætt starfandi leikskóla ef það er sérstaklega tekið fram í reglum um leikskólalþjónustu og samningum við þá.

Umsókn um sjálfstætt starfandi leikskóla fer fram í gegnum rafræna skráningar- og upplýsingakerfið Völu, umsokn.vala.is, sem skóla- og frístundasvið leggur til, með sama hætti og umsókn um leikskóla Reykjavíkurborgar.

Sjálfstætt starfandi leikskólar nota innritunarkerfi skóla- og frístundasviðs Völu leikskóla varðandi umsóknir, innritun og umsýslu biðlista, breytingar á dvalarsamningum og umsóknir um afslætti og fleiri atriði sem Vala heldur utan um og varða samskipti sjálfstætt starfandi leikskóla og skóla- og frístundasviðs.

Sjálfstætt starfandi leikskólar sjá sjálfir um innritun til samræmis við reglur um leikskólalþjónustu og samninga við þá.

Reykjavíkurborg og sjálfstætt starfandi leikskólar sem sótt er um fá allir aðgang að umsókn og upplýsingum sem þar koma fram. Með þessu móti fær Reykjavíkurborg meðal annars upplýsingar um hvort foreldrum hafi verið boðið pláss og hvort þau hafa þegið plásið.

Upplýsingar um sjálfstætt starfandi leikskóla og framlög til þeirra má sjá á [heimasíðu Reykjavíkurborgar](#).

Skóla- og frístundasvið gerir ekki samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur vegna vistunar reykvískra barna. Framlag skóla- og frístundasviðs vegna vistunar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Reykjavíkur fer eftir sérstöku samkomulagi

sveitarfélaga, sjá nánar www.samband.is, enda uppfylli barn skilyrði um aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: innritun.leikskolar@reykjavik.is

Ekki er greitt framlag með börnum yngri en 18 mánaða í sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur en heimilt er að greiða sömu niðurgreiðslu og greidd er til dagforeldra sé öllum skilyrðum reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum fullnægt. Sækja skal um slíka undanþágu á netfangið: innritun.leikskolar@reykjavik.is

Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því niðurgreiðsla fyrir barn sem byrjar í vistun á nýjum stað hefst ekki fyrir en að uppsagnarfresti liðnum.

Nánari upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum er að finna á vef skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is.

2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. þjóðskrá) og föst búseta sé í Reykjavík og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að skóla- og frístundasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu. Skóla- og frístundasvið niðurgreiðir vistun barns á einum stað í senn. Mikilvægt er að uppsagnarfrestir séu virtir því skóla- og frístundasvið greiðir ekki framlag á nýjan stað fyrir en að uppsagnarfresti liðnum, þó að hámarki í einn mánuð miðað við uppsögn 1. eða 15. hvers mánaðar, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum borgarinnar og til framlags skóla- og frístundasviðs .

Hafi leikskóla verið úthlutað án þess að lögheimili barnsins hafi verið flutt til Reykjavíkur verður lögheimilið að vera komið til Reykjavíkur eigi síðar en 7 dögum áður en leikskóladvöl á að hefjast. Réttur til leikskólans fellur niður á fyrirhuguðum upphafsdegi vistunar og öðru barni boðið plássið ef skilyrðum fyrir leikskóladvöl er ekki fullnægt.

Öll framangreind skilyrði eiga einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

2.a Undantekningar frá kröfu um lögheimili í Reykjavík og framlag skóla- og frístundasviðs til annarra sveitarfélaga vegna leikskóladvalar barna með lögheimili í Reykjavík.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Börnum, sem flytja milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, er heimilt að dvelja áfram í leikskóla í því sveitarfélagi sem flutt er úr í allt að sex mánuði frá flutningi lögheimilis ef barn er á biðlista eftir leikskóla og ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan

sex til tólf mánaða. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sé barn á lokaári í leikskóla eða ef barnið er fatlað og sú þjónusta sem barnið þarf á að halda er ekki fyrir hendi í nýja sveitarfélaginu geta tímamörk verið rýmri en sex mánuðir og þarf barn þá ekki að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi. Samþykki sveitarfélags sem flutt er úr þarf að liggja fyrir. Sækja skal fyrirfram um slíka undanþágu á netfangið sfs@reykjavik.is. Fyrirkomulag þetta byggir á sérstöku samkomulagi milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið í Reykjavík við nám, barnavernd vegna barna með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fósturheimili í Reykjavík, fjölskyldur þingmanna og fjölskyldur erlendra sendiráða sem eru erlendir ríkisborgarar geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið sfs@reykjavik.is og auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu skal framvísa skólavottorði þar sem við á.

Starfsfólk í leikskólum borgarinnar, sem er með lögheimili í öðrum sveitarfélögum geta ekki fengið leikskóla fyrir börn sín í leikskólum Reykjavíkurborgar

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Reykjavík við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss í leikskólum borgarinnar, þó að hámarki í þrjá mánuði á ári hverju. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið. Gjald fyrir slíka þjónustu er u.þ.b. 50% af meðalraunkostnaði við leikskóladvöl barna í leikskólum borgarinnar, sjá nánar [gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar](#).

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Reykjavík. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Reykjavík, skv. skilgreiningu laga um lögheimili nr. 80/2018, og að gera megi ráð fyrir, að lögheimili þegar það er fengið, verði í Reykjavík. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið sfs@reykjavik.is.

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Reykjavík með eftirfarandi gögnum:

Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Reykjavík.

Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Reykjavík.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, þurfa að leggja fram skráningarskírteini frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Reykjavíkurborg um að framfærsla og húsnæði umsækjenda um alþjóðlega vernd verði í höndum Reykjavíkurborgar.

Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 80/2016, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Reykjavíkurborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

Í öllum framangreindum tilvikum er það skilyrði að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda.

3. Flutningur milli leikskóla

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla. Sækja skal um hann á umsokn.vala.is. Þetta á einnig við um sjálfstætt starfandi leikskóla. Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Börn komast að eftir kennitölu, þau elstu fyrst sbr. þó 8. mgr. í gr.1.a.

4. Forgangur að leikskóla

Sækja má um forgang að leikskóla fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Til þess að sækja um forgang í leikskóla skrá foreldrar sig inn á [Mínar síður](#) á heimasíðu Reykjavíkurborgar með rafrænum skilríkjum. Þar er að finna umsókn um forgang í leikskóla. Það sama gildir fyrir sjálfstætt rekna leikskóla. Ekki er hægt að fá forgang vegna flutningsumsókna milli leikskóla.

Umsókn um forgang að leikskóla fellur niður þegar barn hefur hafið dvöl í leikskóla eða þegar 6 mánuðir eru liðnir frá því að umsókn var lögð fram hafi barn ekki hafið dvöl innan þess tíma. Sé óskað eftir áframhaldandi forgangi skal sækja um hann að nýju. Skóla- og frístundasvið metur hvort endurnýja þarf vottorð sem fylgdi fyrri umsókn.

Börn á forgangi raðast á biðlistann eftir kennitölu, þau elstu fyrst á umsóknarleikskóla. Í mjög brýnum undantekningatilfellum þar sem um skyndileg og alvarleg veikindi foreldra er að ræða eða í barnaverndarmálum er heimilt að víkja frá þeirri reglu að fengnu samþykki skrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Leikskóladvöl barns með forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur.

Sækja má um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar vegna:

I. Barna sem eru orðin 5 ára.

II. Fatlaðra barna og barna með skilgreind þroskafrávik.

Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.

III. Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.

- a) Barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- b) Alvarleg veikindi, alvarleg fötlun eða alvarlegir félagslegir erfiðleikar hjá fjölskyldumeðlimum barnsins.
Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- c) Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
- d) Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
- e) Þríburar.

Liðir I. , II. og III hér að ofan gilda einnig um sjálfstætt starfandi leikskóla.

IV. Barna starfsfólks í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmaður leikskóla getur sótt um forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar fyrir barn sitt á þar til gerðu eyðublaði. Forgangur fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar gildir aðeins á

fyrstu umsókn um leikskólavist vegna barnsins, ekki þegar sótt er um flutning í annan leikskóla. Starfsmaður þarf að uppfylla skilyrði 2. gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar og vera að lágmarki í 50% starfshlutfalli. Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns þarf að staðfesta umsókn. Umsókn skal senda á netfangið innritun.leikskolar@reykjavik.is.

Ekki er unnt að tryggja að starfsmaður haldi leikskólaplássi fyrir barn sitt hætti starfsmaður störfum eftir að hafa starfað í 12 mánuði eða færri í leikskóla Reykjavíkurborgar.

Ef starfsmaður er búinn að fá forgang eða vilyrði fyrir dvöl á leikskóla fyrir barn sitt og hættir störfum hjá leikskólum Reykjavíkur áður en barnið er byrjað í leikskólanum missir foreldrið forgang að leikskólaplássi og fer aftur á biðlista hafi röðin ekki verið komin að því vegna aldurs.

Starfsmenn leikskóla í launalausum leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna getur sótt um forgang fyrir barn sitt.

V. Barna starfsfólks í sjálfstætt starfandi leikskólum í Reykjavík

Sjálfstætt starfandi leikskólum er heimilt að veita starfsfólki sínu forgang að viðkomandi leikskóla að því gefnu að fullnægt sé skilyrðum 2.gr. reglna um leikskólaþjónustu um skilyrði leikskóladvalar.

5. Úthlutun leikskólaplássna, dvalarsamningur og uppsögn

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu ágúst - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássnafer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að sækja um fyrir lok febrúar ár hvert. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla og skulu þeir staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan fimm daga frá dagsetningu bréfsins. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið. Sama gildir fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

Leikskólastjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en leikskóladvöl hefst, miðað við 1. eða 15. hvers mánaðar. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli, hvort sem um er að ræða leikskóla Reykjavíkurborgar eða sjálfstætt starfandi leikskóla og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá skóla- og frístundasviðs og reglur um leikskólaþjónustu og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal fara fram í gegnum umsokn.vala.is. Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi.

6. Gjaldtaka

Reykjavíkurborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum Reykjavíkurborgar. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld. Foreldrar greiða

hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum. Ekkert námsgjald er greitt ef barn er skráð í 36 klukkustundir eða færri á viku í leikskólann.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og afslátta á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eins og hún er birt á heimasíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

Sérstök gjaldskrá gildir fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sjá 5. mgr. í gr. 2.a. Komi til þess að lögheimili barns verði flutt til Reykjavíkur á meðan leikskóladvöl stendur yfir breytist gjaldið frá þeim tíma er lögheimili flyst til Reykjavíkur til samræmis við almenna gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar vegna umsaminnar tímabundinnar dvalar á leikskólanum.

Flytjist lögheimili barns í leikskóla í Reykjavík til útlanda gildir framangreind gjaldskrá fyrir fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, frá þeim tíma er lögheimili flyst.

Gjaldskráin er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

6.a Um afslætti af leikskólagjöldum

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn á leikskóla. Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.

Afsláttur samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við dagsetningu umsóknar í Völu og þann dag sem öllum skilyrðum er fullnægt ef svo er ekki á umsóknardegi. Þó er heimilt að leiðrétta leikskólagjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að leiðrétting á sér stað.

Uppfylli foreldrar skilyrði þess að fá afslátt af leikskólagjöldum á grundvelli fleiri en einni ástæðu er veittur sá afsláttur sem leiðir til mestrar lækkunar gjalda. Afslættir leggjast því ekki saman.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna ef veittur er afsláttur á grundvelli þessara reglna.

6.b Tekjutengdur afsláttur

Veittur er afsláttur af námsgjaldi leikskóla til foreldra undir ákveðnum tekjuviðmiðum gegn umsókn og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um tekjutengda

afslætti.² Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda. Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

6.c Systkinaafsláttur

Ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í leikskólum borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt starfandi leikskóla er veittur 100 % afsláttur af námsgjaldi fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í Þjóðskrá og yngra systkini. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir barn sitt. Ef þrjú systkini eða fleiri sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í Þjóðskrá eru í vistun í leikskólum borgarinnar, skóla- og frístundasvið greiðir framlag til sjálfstætt starfandi leikskóla, systkini eru í grunnskóla borgarinnar, greitt er framlag vegna þeirra til sjálfstætt rekis grunnskóla á grundvelli samnings þar um, eða eru í frístundaheimili Reykjavíkurborgar eða sértækri félagsmiðstöð borgarinnar greiða foreldrar fæðisgjald fyrir tvö börn. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngstu barnanna en afsláttur er veittur af gjaldi eldra barns/barna.

Ef veittur er afsláttur af skráningardögum samkvæmt gr. 1.b í reglunum, kemur það fram í gjaldskrá Reykjavíkurborgar.

Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri umsókn. Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna í sjálfstætt starfandi leikskólum má sjá á www.reykjavik.is.

Upplýsingar um framlag skóla- og frístundasviðs vegna dvalar reykvískra barna hjá dagforeldrum má sjá á www.reykjavik.is.

6.d Afsláttur vegna barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar

Afslátt af námsgjaldi fá starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt í gegnum umsokn.vala.is.
- Eru að lágmarki í 70% starfi til að fá afslátt fyrir barn í heilsdagsvistun
- Eru að lágmarki í 50% starfi til að fá afslátt fyrir barn í hálf dagsvistun
- Leikskólastjóri í leikskóla starfsmanns hefur staðfest réttmæti umsóknar

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst leikskólastjóra í leikskóla barnsins. Afsláttur er ekki veittur afturvirk, sjá þó undanþágu í 6. gr.

Afsláttinn skal endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna.

² Sjá ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að skóla- og frístundasviði sé heimilt að útfæra umsókn um afslátt til samræmis við samþykkt borgarstjórnar og veita hann eða synja þrátt fyrir að umræddar reglur liggja ekki fyrir. Reglurnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2026.

Þegar starfsmaður hættir störfum hjá leikskóla Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber viðkomandi að tilkynna skóla- og frístundasviði það með útfyllingu þar til gerðs eyðublaðs. Þegar starfsmaður kemur úr launalausum leyfi án þess að leyfið sé vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi ber starfsmanni að sækja um að afslátt að nýju.

Starfsmanni ber einnig að tilkynna leikskólastjóra í leikskóla barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að áhrif hafi á afslátt af leikskólagjöldum.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn leikskóla Reykjavíkurborgar með lögheimili utan Reykjavíkur með börn í leikskólum utan borgarinnar eða í sjálfstætt starfandi leikskólum fá framlag til lækkunar leikskólagjöldum enda uppfylli starfsmaður skilyrði starfsmannaafsláttar og sækir um afsláttinn. Fjárhæð afsláttar er sú sama og vegna barna starfsmanna leikskóla Reykjavíkur í leikskólum Reykjavíkurborgar. Afsláttur gildir frá því umsókn berst skóla- og frístundasviði en greiðist gegn framvísun reikninga vegna leikskólagjalda eða staðfestingu frá sveitarfélagi, þar sem fram koma upplýsingar um vistunartíma og dvalartímabil. Starfsmaður skal skila gögnum að lágmarki einu sinni á ári. **Afsláttur er ekki veittur afturvirkur, sjá þó undanþágu í 6. gr.**

Hafi starfsmaður fengið afslátt af leikskólagjöldum þegar ekki var réttur til afsláttar áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til að krefjast greiðslu vangreiddra leikskólagjalda afturvirkur.

6.e Veikindi barns

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknavottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa skóla- og frístundasvið um að barnið hafi hafið leikskólavöl að nýju. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta leikskólagjöld afturvirkur komi í ljós að ekki hafi verið greitt fullt gjald eftir að barn hóf leikskólagöngu að nýju.

6.f Unnt er að sækja um niðurfellingu fæðisgjalds sé barn í sumarleyfi lengur en 4 vikur samfleytt utan sumarleyfistíma að hámarki vegna tveggja mánaða samfleytt. Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að leyfi lauk.

7. Sérkennsla

Börn sem þurfa á sérstökum stuðningi/sérkennslu að halda samkvæmt mati viðurkenndra greiningaraðila fá stuðning/sérkennslu í leikskólanum að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis sérkennslu skóla- og frístundasviðs.

Þetta á einnig við um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla vegna vistunar reykvískra barna.

8. Innheimta leikskólagjalda, vanskil og uppsögn dvalarsamnings

Unnt er að greiða leikskólagjöld með boðgreiðslum, beingreiðslum eða fá senda greiðsluseðla. Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram. Ef greiðandi vill fá senda greiðsluseðla þarf hann að hafa samband við þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111 og óska

eftir að fá greiðsluseðla senda, að öðrum kosti birtist hann einungis í heimabanka. Ef greiðandi vill greiða með beingreiðslum þarf hann að hafa samband við viðskiptabanka sinn.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru innheimt mánaðarlega fyrirfram. Leikskólagjöld eru þó ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Ef leikskólanum er ekki lokað eða er lokaður skemur en tuttugu virka daga, falla leikskólagjöld niður þann tíma sem leikskólinn er lokaður og einnig þegar barnið tekur sumarleyfi, þó aldrei meira en tuttugu virka daga samtals en öll börn skulu taka tuttugu virka daga í sumarleyfi. Sé leikskóla lokað í lengri tíma eru ekki innheimt leikskólagjöld fyrir þann tíma er lokun varir.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður. Sumarleyfistími leikskóla er frá 15. maí til 15. september ár hvert.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr. reglna um leikskólaþjónustu.

8.a Innheimtuferill vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Séu leikskólagjöld enn ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi krafa ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er hægt að semja um skuldina þar.

Krafa sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginnheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

8.b Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.

Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk skóla- og frístundasviðs leiðbeinir foreldrum um að leita úrlausna á miðstöðvum Reykjavíkurborgar, sjá nánar í verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólaláss í tvo mánuði er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

9. Lagareglur og kæruleiðir

Leikskólar Reykjavíkurborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs og sjálfstætt starfandi leikskóla um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og barnamálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir skóla- og frístundasviðs um gjaldtöku fyrir barn á leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innviðaráðuneytis skóla- og frístundasviðs er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

10. Fræðsla um vinnslu persónuupplýsinga

Hér má nálgast [fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga](#) skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar sem á sér stað í leikskólum borgarinnar.

11. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2009.

Samþykkt á fundi leikskólaráðs 23. september 2009

Ákvæði til bráðabirgða³

- a) Vegna yfirstandandi breytinga á gjaldskrá gilda á tímabilinu 1. til 15. mars 2026 beiðnir um breytingar á dvalartíma frá 1. apríl 2026. Á tímabilinu 16. til 31. mars 2026 gilda beiðnir um breytingar á dvalartíma frá 15. apríl 2026. Á tímabilinu 1. til 15. apríl 2026 gilda beiðnir um breytingar á dvalartíma frá 1. maí 2026. Frá 1. maí 2026 gilda beiðnir um breytingar til samræmis við reglur um leikskólaþjónustu.
- b) Foreldrar barna sem samkvæmt dvalarsamningi hefja vistun eftir kl. 09:00 er veittur frestur til og með 31. júlí 2026 til að breyta skráningu sem tekur þá gildi 1. september 2026 í síðasta lagi. Berist ekki beiðni um breytingu verður dvalartíma breytt með þeim hætti að vistun hefjist kl. 09:00 frá og með 1. september 2026.
- c) Ekki eru gerðir nýir dvalarsamningar né breyting á gildandi dvalarsamningur með þeim hætti að vistun geti hafist eftir kl. 09:00.
- d) Í stað þess að leikskólagjöld verði innheimt fyrirfram vegna apríl 2026 til samræmis við 8. gr. reglna um leikskólaþjónustu getur komið til þess að þau verða innheimt síðar í aprílmánuði með eindaga einum mánuði síðar.
- e) Ákvæði 6. b um tekjutengda afslætti kveður á um að frá 1. apríl 2026 verði veittur afsláttur af námsgjaldi leikskóla til foreldra undir ákveðnum tekjuviðmiðum gegn umsókn og að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um

³ Samþykkt á fundi borgarráðs þann 5. mars 2026.

tekjutengda afslætti. Afsláttur nær ekki til fæðisgjalda. Til bráðabirgða er skóla- og frístundasviði heimilt að útfæra umsóknir um afslátt til samræmis við samþykkt borgarstjórnar frá 17. febrúar sl. og veita hann eða synja þrátt fyrir að umræddar reglur liggja ekki fyrir. Reglurnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. nóvember 2026.

Eftirfarandi mun gilda frá 1. apríl 2026:

Tekjuviðmið einstaklinga og sambúðarfólks munu miðast við heildartekjur á ári á grundvelli skattframtals frá Ríkisskattstjóra.

Tekjuviðmið einstæðra foreldra

Afslættir og tekjuviðmið fyrir einstæða foreldra miðast við heildartekjur á ári. Allir einstæðir foreldrar geta sótt um afslátt sem fer eftir ákveðnum viðmiðum um tekjur.

Afsláttur af námsgjaldi fyrir einstæða foreldra er frá 40% til 75%.

- Lægsta tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 8 milljónum krónum á ári og veitir 75% afslátt af námsgjöldum.
- Næstlægsta tekjuviðmið miðar við árstekjur á bilinu 8 – 13 milljónir krónur á ári og veitir 50% afslátt af námsgjöldum.
- Hæsta tekjuviðmiðið gildir fyrir einstæða foreldra með tekjur yfir 13 milljónir krónur á ári sem veitir 40% afslátt af námsgjöldum.

Tekjuviðmið hjóna og sambúðarfólks

Afslættir og tekjuviðmið fyrir hjón og sambúðarfólk miða við tekjur undir 18 milljónum krónur á ári og afslættir á bilinu 20 til 40% af námsgjaldi.

- Lægra tekjuviðmið miðar við árstekjur undir 11 milljónum krónum á ári og veitir 40% afslátt af námsgjöldum
- Hærra tekjuviðmið miðar við árstekjur frá 11 – 18 milljónum krónur og veitir 20% afslátt af námsgjaldi.

Framangreint felur í sér að afla verður samþykkis umsækjanda til aflað verði skattaupplýsinga til staðfestingar á að tekjur séu innan viðmiða. Ef umsækjandi er í hjúskap eða skráðri sambúð er skilyrði að báðir aðilar veiti samþykki áður en gagnaöflun fer fram.

Umsókn um afslátt þarf að berast fyrir 20. dag mánaðar til þess að taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum á eftir.

Breytingar:

2. mgr. 1. gr. c um niðurgreiðslur til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. janúar 2010.
6. gr. a um rétt til afsláttar vegna fjarnáms kennaranáms heldur gildi sínu út skólaárið 2009 til 2010.
6. gr. b. um umsókn einstæðra foreldra tekur gildi 1. janúar 2010. Núgildandi afslættir einstæðra af leikskólagjöldum falla úr gildi frá þeim tíma hafi foreldri ekki skilað umsókn til leikskólalastjóra.
- Grein 4. liður III tekur gildi 1. apríl 2010 og gildir fyrir öll börn starfsmanna sem þegar hafa fengið forgang að leikskólum Reykjavíkurborgar. Starfsmenn sem þegar hafa fengið forgang þurfa ekki að sækja um að forgang að nýju.

Grein 6.f tekur gildi 1. apríl 2010. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allir afslættir starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar nema um þá hafi verið sótt að nýju á þar til gerðu eyðublaði.

4. gr. liður I um forgang 4-5 ára barna tekur gildi 17. mars 2010.

6.gr. 1. mgr. um að gjaldflokkur II þar sem annað foreldri er í námi falli út tekur gildi 1. janúar 2011.

6.d. 1. mgr. um að veittur sé 75% afsláttur vegna annars barns tekur gildi 1. janúar 2011.

6.gr. e um afslátt fyrir börn í elsta árgangi fellur brott 1. september 2011.

4. gr. IV um brottfall starfsmannaforgangs tekur gildi 1. apríl 2011.

5. og 6. mgr. í 2.gr., 2. og 5. mgr. í gr. 2.a taka gildi 1. febrúar 2011, 3 mgr. í gr. 2.a tekur gildi 1. apríl 2011.

2. mgr. í 4. gr., 4. gr. III b), 9. og 10. mgr. 6. gr., 2. mgr. í gr. 6.a, 3. og 4. mgr. í gr. 6.b taka gildi 1. febrúar 2011.

2. og 3. mgr. 8. gr. falla brott og ný 2., 3. og 4. mgr. 8. gr. tekur gildi 1. júní 2011.

2. mgr. gr. 1.b um að starfsdögum verði fjölgað úr fimm í sex tekur gildi 1. júní 2012. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 21. mars 2012 og í borgarráði 29. mars 2012.

Tilvísunum til leikskólasviðs breytt í skóla- og frístundasvið frá 1. mars 2013.

3. og 4. mgr. gr. 1. b breytt með þeim hætti að skylt er að börn fái tuttugu virka daga í sumarleyfi og að leikskóli loki samfellt í tíu virka daga í stað tveggja vikna, til tuttugu virkra daga í stað fjögurra vikna áður, tekur gildi 1. mars 2013.

2. mgr., gr. 1.c varðandi greiðslur skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla utan Reykjavíkur tekur gildi 1. september 2013.

Í 1. mgr. 2. gr. er gert að skilyrði fyrir leikskóladvöl að foreldrar barns séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna leikskólagjalda. Áður máttu vanskil ekki vera við leikskólasvið. Tekur gildi 1. mars 2013.

Í 1.mgr. gr. 2.a er áréttað að leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, tekur gildi 1. september 2013.

Í 2. mgr. gr. 2.a er áréttað að barn verður að vera á biðlista eftir leikskóla í hinu nýja sveitarfélagi til að heimilt sé að hafa barn áfram í leikskóla í Reykjavík þrátt fyrir flutning lögheimilis frá Reykjavík ef ætla má að barnið hefji leikskóladvöl í nýja sveitarfélaginu innan sex til 12 mánaða en áður var viðmiðið sex mánuðir. Tekur gildi 1. mars 2013.

Í 3. mgr. gr. 2.a er bætt við málsgrein um að barnavernd geti sótt um leikskólaláss fyrir barn með lögheimili utan Reykjavíkur sem ráðstafað er tímabundið á fösturheimili í Reykjavík gegn því að lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki að greiða Reykjavíkurborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði áður en leikskóladvöl hefst. Tekur gildi 1. mars 2013.

4. gr. IV varðandi forgang starfsmanna í leikskólum Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

4. og 5. mgr. 6. gr. varðandi gjaldskrá barna með erlent lögheimili sem flutt er til Íslands eða barna með lögheimili á Íslandi sem flutt er erlendis tekur gildi 1. mars 2013.

3. mgr. 6.gr. a varðandi námsmannaafslátt í fæðingarorlofi tekur gildi 1. mars 2013.

Gr. 6.c um afslátt á grundvelli endurhæfingarlífeyrisskírteinis tekur gildi 1. mars 2013.

Í gr. 6. d er áréttað að veittur er afsláttur fyrir sama fjölda dvalarstunda yngra/ýngsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini. Tekur gildi 1. mars 2013.

5. mgr. og 6. mgr. 6.gr. e varðandi afslátt til starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar tekur gildi 1. mars 2013.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 6. febrúar 2013 og í borgarráði 21. febrúar 2013.

5. mgr. í gr. 6.b varðandi afslátt til foreldris með skráninguna „hjón ekki samvistum“ þegar um undanfara skilnaðar er að ræða tekur gildi 1. maí 2013. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 10. apríl 2013 og í borgarráði 18. apríl 2013.

6. til 11. mgr. í gr. 2.a varðandi leikskóla fyrir börn sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis tekur gildi 1. janúar 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 3. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014.

8. mgr. 6. gr. áréttung um sama lögheimili og fjölskyldunúmer tekur gildi 12. janúar 2015

Gr. 6.e. varðandi afslátt starfsmanna í launalaus leyfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Gr. 4 IV. varðandi forgang starfsmanna leikskóla í launalaus leyfi á grunvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna Reykjavíkurborgar tekur gildi 12. janúar 2015.

Breytingarnar samþykktar í skóla- og frístundaráði 5. nóvember og í borgarráði 8. janúar 2015.

1.mgr. gr. 1.b varðandi opnunartíma leikskóla úr 17:30 í 17:00 tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 25. febrúar 2015 og borgarráði 4. mars 2015.

Gr. 1a. varðandi systkinatillit tekur gildi 1. ágúst 2015. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 24. júní 2015 og borgarráði 2. júlí 2015.

Í 3. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýjum málslið sem verður 2. málsliður og í 6. mgr. í gr. 1.1.a er bætt við nýrri málsgrein varðandi ungarnadeildir. Samþykkt í skóla- og frístundaráði 11. apríl 2018 og í borgarráði 26. apríl 2018.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. október 2018 og í borgarráði 15. nóvember 2018, og 17. janúar 2019.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. apríl 2019 og í borgarráði 2. maí 2019.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 8. júní 2021 og í borgarráði 24. júní 2021.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 28. september 2021, í borgarráði 7. október 2021 og í borgarstjórn þann 19. október 2021.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 20. mars 2023 og í borgarráði 30. mars 2023.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði 9. september 2024 og í borgarráði 19. september 2024.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði dags. 27. janúar 2025 og í borgarráði dags. 30. janúar 2025.

Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði dags. 26. maí 2025, borgarráði dags. 18. júní 2025 og borgarstjórn, dags. 24. júní 2025.

Breytingar samþykktar í borgarráði þann 5. mars 2026.

Samþykkt í borgarráði 3. febrúar 2011.

